

Mánudaginn 3. febrúar 1947.

Nr. 22/1946. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn

Péttri O. Johnson (Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. febrúar f. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem í málinu greinir. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar í hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Hlutafélagið G. Þorsteinsson & Johnson var stofnað árið 1941, og hefur það síðan starfrækt umboðs- og heildverzlun í Reykjavík. Hlutafé félagsins er kr. 50000.00. Þar af á stefndi og eiginkona hans kr. 24900.00, bróðir stefnda kr. 100.00 og Garðar Þorsteinsson fiskifræðingur og eiginkona hans kr. 25000.00. Stefndi hefur frá upphafi verið formaður stjórnar félagsins og framkvæmdarstjóri þess ásamt Garðari Þorsteinssyni. Haustið 1943 fluttist stefndi til Vesturheims og dvaldist þar enn, er útsvar var lagt á hann árið 1945. Eftir flutning sinn vestur var stefndi áfram stjórnarformaður félagsins og framkvæmdarstjóri þess, eins og áður greinir, þótt hann fullnægði ekki lengur ákvæðum laga til þess, sbr. 32. gr. laga nr. 77/1921 og 2. tölulið 5. gr. laga nr. 52/1925, og hefur félaginu ekki verið komið aftur í löglegt horf. Þar sem svo var ástatt, sem nú var rakið, verður að telja, að stefndi hafi rekið atvinnu hér á landi og verið útsvarsskyldur, sbr. 6. gr. B 1. tölulið laga nr. 106/1936.

Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtakið.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er.

Stefndi, Pétur O. Johnson, greiði áfrýjanda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 600.00 í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. janúar 1946.

Gerðarpola, Pétri Ó. Johnson, Esjubergi hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1945 kr. 6000.00. Þar eð hann hefur eigi greitt útsvar þetta, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að það yrði innheimt með lögtaki.

Umboðsmaður gerðarpola fyrir réttinum hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, þar eð hann telur, að gerðarpoli hafi eigi verið útsvarsskyldur hér umrætt tímabil, og útsvarið hafi því ranglega verið lagt á hann hér. Kveður hann gerðarpola hafa flutzt ásamt konu og börnum í desembermánuði 1943 til New York, og þar hafi hann átt heima síðan og eigi þar heima enn, enda ekki komið hingað til lands allan þenna tíma. Kveður hann gerðarpola stunda þar vestra ýmis kaupsýslustörf, m. a. fyrir h/f G. Þorsteinson & Johnson hér í bæ, sem hann sé hluthafi í. Kveður hann og gerðarpola hafa greitt til New York-borgar alla skatta og opinber gjöld fyrir árið 1945 og heldur því fram, að gerðarpoli hafi ekki verið heimilisfastur hér umrætt tímabil. Telur umboðsmaður gerðarpola því, að um útsvarsskyldu gerðarpola skv. I.—IV. lið 6. gr. útsvarslaganna geti ekki verið að ræða. Hins vegar geti komið til athugunar, hvort hann væri útsvarsskyldur samkvæmt B-lið sömu greinar (Aðiljar heimilisfastir erlendis). Í því sambandi hefur umboðsmaður gerðarpola upplýst, að gerðarpoli hafi fyrir þau störf, sem hann hafi innt af hendi í þágu firmans h/f G. Þorsteinsson & Johnson, fengið greiddar á síðastliðnu ári kr. 25000.00, og þessar greiðslur hafi félagið gefið upp til skatts hér. Þá upplýsir hann,

að gerðarþoli hafi verið skráður hér á manntal haustið 1944, en þó með þeirri athugasemd, að hann væri heimilisfastur erlendis, sbr. rískj. nr. 4, og telur hann, að þetta hvort tveggja muni hafa valdið því, að umrætt útsvar hafi verið lagt á gerðarþola. Hins vegar telur umboðsmaður gerðarþola þessar ástæður eigi nægar til að baka gerðarþola útsvarsskyldu hér og bendir í því sambandi á, að gerðarþoli hafi ekki persónulega rekið hér atvinnu, heldur firmað h/f G. Þorsteinsson & Johnson, sem hann sé hluthafi í, og sé því augljóst, að gerðarþoli sé hér ekki útsvarsskyldur samkvæmt 1. mgr. B-lið 6. gr. útsvarslaganna. Þá telur hann gerðarþola eigi falla undir 3. mgr. sömu greinar og augljóslega ekki heldur undir 2. mgr., þar eð hann hafi enga atvinnu stundað hér umrætt tímabil né átt hér eignir, því hann hafi, er hann fór af landi brott, selt bæði húseign sína og hlutabréfaeign í h/f „Litir og Lökk“. Einu eignirnar, sem gerðarþoli eigi hér á landi nú, séu hlutabréfaeign hans í h/f G. Þorsteinsson & Johnson, kr. 23900.00, og af þeirri eign hafi hann fengið útborgað í arð árið 1944 kr. 2390.00. Á þetta félag hafi verið lagt útsvar fyrir árið 1945, og því óheimilt að leggja sérstakt útsvar á gerðarþola vegna þessara tekna hans hjá félaginu, sbr. 6. gr. útsvarslaganna 1. lið II. in fine. —

Þá hefur umboðsmaður gerðarþola krafizt málskostnaðar að mati réttarins.

Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram, að gerðarþoli hafi ekki slitið heimilisfestu hér í bæ með brottflutningi sínum og fjölskyldu sinnar til New York í desember 1943, enda hafi hann og fólk hans verið skráð á manntal sem heimilisfast hér haustið 1944, þó að hann og það hafi dvalið þá vestra. Telur hann því, að hann sé útsvarsskyldur hér umrætt tímabil, og hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak.

Það er upplýst í málinu, að gerðarþoli flutti til New York ásamt fjölskyldu sinni í desember 1943 og hefur ekki dvalið hér á landi síðan. Þá er það og upplýst, að hann hefur ekki átt hér aðrar eignir umrætt tímabil en hlutafjáreign í h/f G. Þorsteinsson & Johnson, sem hann hefur fengið nokkurn arð af árið 1944. Þá er það enn fremur upplýst, að sama félag hefur greitt honum á umræddu tímabili kr. 25000.00 fyrir starf hans í þágu firmans þar vestra. — Rétturinn lítur svo á, að gerðarþoli hafi með flutningi sínum og fjölskyldu sinnar til New York í desember 1943 og dvöl sinni vestra slitið heimilisfestu sinni hér, og því hafi heimilisfesta ekki getað bakað honum útsvarsskyldu hér umrætt ár. Þá lítur rétturinn enn fremur svo á, að þar eð lagt hafi verið sérstakt útsvar á h/f G. Þorsteinsson & Johnson fyrir ár 1945, hafi ekki verið heimilt að leggja útsvar á gerðarþola hér fyrir það ár vegna þess arðs, sem honum var greiddur af hlutabréfaeign hans í félaginu. — Enn fremur lítur rétturinn svo á, að það hafi ekki getað bakað gerðarþola útsvars-

skyldu hér umrætt ár, að félagið greiddi honum ofangreind laun fyrir starf hans í þágu félagsins vestra, enda hann ekki unnið fyrir þeim launum hér og þau send honum vestur, sbr. ákvæði 6. gr. útsvarslaganna hér að lútandi. — Samkvæmt framanrituðu þykir því verða að neita um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Hins vegar verður eftir atvikum málskostnaðarkrafa gerðarþola eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á eigi fram að ganga.
Málskostnaðarkrafa gerðarþola er eigi tekin til greina.

Föstudaginn 7. febrúar 1947.

Nr. 89/1943. **Jón Þorkelsson** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn

Verzlunarfélaginu Borg h/f og gagnsök
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og hrl.
Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggva-
sonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Ágreiningur um verð sauðfjárafurða.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. september 1943, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 181.09 með 6% ársvöxtum frá 20. september 1939 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 3. desember 1943 skotið málinu til hæstaréttar með stefnu sama dag, krefst þess, aðallega að hann verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti.

Sá háttur var á hafður við kaup á sauðfé því, er í málinu